

Rekstrarleyfi til fiskeldis
Rekstrarleyfisnúmer: IS-36103/FE-1130

N-lax ehf.

1. Rekstrarleyfishafi

Handhafi leyfis þessa er N-lax ehf, kt. 551009-1220. Leyfið er gefið út af Fiskistofu¹ í samræmi við ákvæði laga nr. 17/2008 um fiskeldi. Framsal, leiga og veðsetning á rekstrarleyfi til fiskeldis er óheimil án samþykkis [Matvælastofnunar]². Tilkynna skal [Matvælastofnun]² um breytingar á eignaraðild. Verði verulegar breytingar á forsendum fyrir rekstri fiskeldisstöðvar, s.s. er varðar eldistegund eða eldisaðferð skal sækja um rekstrarleyfi að nýju.

2. Leyfileg framleiðsla

Með vísan í 7.gr. laga heimilar [Matvælastofnun]² hér með N-lax ehf., að stunda landeldi á laxi, regnbogasilung og bleikju í eldiskerjum á landi með afrennsli í sjó, þar sem heimilt er að framleiða allt að 20 tonnum árlega. Leyfið gildir fyrir seiðaframleiðslu, matfiskeldi og fiskrækt. Ársframleiðsla er miðuð við almanaksár. Eingöngu er heimilt að ala þær tegundir, sem tilgreindar eru í rekstrarleyfi.

3. Staðsetning og búnaður

3.1. Staðsetning eldisstöðvar er í Auðbrekku á Húsavík. Rekstrarleyfishafa er óheimilt að starfa utan starfssvæði eldisstöðvar.

Nota skal búnað sem fullnægir kröfum [Matvælastofnunar]², notkun á innfluttum notuðum búnaði til eldisins er óheimil. Í stöðinni skal hindra slysasleppingar með því að koma fyrir búnaði í frárennsli sem tryggir að fiskur sleppi ekki út úr eldisstöð.

3.2. Frárennsli og innrennsli skal útbúið með netsigti sem gerir það fiskhelt en verði að öðru leyti í samræmi við kröfur viðkomandi heilbrigðisyfirvalda.

3.3. Tæki sem notuð eru til flutnings á lifandi eldisfiskum skulu vera þannig gerð að auðvelt sé að þrifa þau og sótthreinsa og skulu þau ávallt þrífín að flutningi loknum. Auk þess skulu tækin sótthreinsuð ef hefja á flutning frá nýjum aðila.

Ef vatn er notað í landflutningum skulu flutningatækin þannig úr garði gerð að vatn geti ekki lekið út meðan á flutningunum stendur.

4. Eftirlit

4.1. [Matvælastofnun]² hefur eftirlit með fiskeldisstöðvum í samræmi við fyrirmæli laga nr. 71/2008 um fiskeldi og gildandi reglugerð um fiskeldi. Eftirlitið skal ná til rekstrar- og fiskeldispáttta í starfsemi stöðvanna og þess að skilyrði í rekstrarleyfi séu haldin.

Matvælastofnun hefur eftirlit með heilbrigði fiska og heilnæmi eldisafurða í samræmi við lög þar að lútandi

4.2. Til að [Matvælastofnun]² geti framkvæmt eftirlit skv. 1. mgr. 14. gr. laga um fiskeldi skal rekstrarleyfishafi árlega gefa [Matvælastofnun]² skýrslu um starfsemi sína. Þar skulu m.a. koma fram upplýsingar um framleiðslumagn stöðvar, eldisrými, fôðurnotkun, birgðir af fiski, uppruna hans, sjúkdóma og önnur óhöpp í rekstri, svo og önnur þau atriði sem stofnuninni eru

nauðsynleg til virks eftirlits samkvæmt lögum þessum. [Matvælastofnun]² skal ætíð vera heimill aðgangur að eldisstöð og dagbók hennar um starfsemina.

4.3. Rekstrarleyfishafi skal árlega gefa skýrslu um starfsemi sína. Þar skulu m.a. koma fram upplýsingar um framleiðslumagn stöðvar, eldisrými, birgðir af fiski, uppruna hans og sjúkdóma sem upp hafa komið, svo og önnur atriði sem eru nauðsynleg til virks eftirlits.

5. Innra eftirlit

Forsvarsaður fiskeldisstöðvar sem sér um daglegan rekstur skal hafa eftirlit með umhverfispáttum, heilbrigði og velferð lagardýra, þar með talið mannvirkjum og búnaði.

6. Gildistaka

Óheimilt er að flytja eldisfisk, seiði eða hrogn í fiskeldisstöð fyrr en rekstrarleyfi er fengið og að lokinni úttekt Fiskistofu. Markmið úttektar er að staðreyna eftir föngum að rekstrarleyfishafi sé fær um að fullnægja skilmálum rekstrarleyfis miðað er við að úttekt hafi farið fram eigi síðar en einum mánuði frá útgáfudagsetningu leyfisins. Ef starfsemi er ekki hafin innan mánaðar frá útgáfu leyfisins má sækja um frestun á úttekt. Rekstrarleyfi þetta gildir í 10 ár frá útgáfudegi og gildir til 8. maí 2022¹.

7. Afturköllun

7.1. Ef fiskeldisstöð hefur ekki innan 24 mánaða frá útgáfudegi rekstrarleyfis hafið starfsemi er [Matvælastofnun]² heimilt að fella rekstrarleyfi úr gildi. Sama gildir ef starfsemi fiskeldisstöðvar stöðvast í 24 mánuði.

7.2. [Matvælastofnun]² getur afturkallað rekstrarleyfi ef leyfishafi eða starfsmenn hans brjóta gegn ákvæðum laga þessara eða stjórnvaldsfyrirmælum sem sett eru á grundvelli þeirra. Einnig er heimilt að afturkalla leyfið ef leyfishafi eða starfsmenn hans brjóta gegn skilyrðum rekstrarleyfis eða skilyrðum þess er að öðru leyti ekki fullnægt. Þá er og heimilt að afturkalla rekstrarleyfi ef leyfishafi verður ófær um að stunda rekstur og þegar eldisfiskur sleppur ítrekað frá fiskeldisstöð.

7.3. Rekstrarleyfið er einnig háð skilyrðum reglugerða og annarra stjórnvaldsreglna, sem kunna að verða settar á grundvelli ofangreindra laga.

1. Leyfið er upphaflega gefið út af Fiskistofu, þann 8. maí 2012, en framselt af Matvælastofnun í samræmi við 17. gr. laga um fiskeldi, nr. 71/2008. Leyfi er framselt frá Norðurlax hf, kt. 430778-0489 til N-lax ehf, kt. 551009-1220.

2. Áður Fiskistofa



Selfoss, 6. apríl 2012

SOFFÍA KAREN MAGNÚSDÓTTIR

Soffía Karen Magnúsdóttir
Fagsviðsstjóri fiskeldis